

Samherji fiskeldi ehf.
b/t Heiðdís Smáradóttir
Glerárgötu 30
600 Akureyri

Reykjavík, 9. desember 2019
UST201912-017/R.K.
08.12.01

Efni: Framlenging starfsleyfis Samherja fiskeldis ehf.- Fiskeldisstöð á Núpum III í Ölfusi

Vísað er til erindis Samherja fiskeldis ehf. er barst Umhverfisstofnun þann 21. október sl. um umsókn um framlengingu á starfsleyfi félagsins að Núpum III í Ölfusi. Samherji fiskeldi ehf. hefur sótt um nýtt starfsleyfi og var umsókn þess samþykkt sem fullnægjandi þann 28. mars sl. og er starfsleyfið í vinnslu hjá stofnuninni.


Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda.

Fyrra starfsleyfi eldisstöðvarinnar að Núpum III rann út 1. desember 2019 og mun því framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 1. desember 2020.

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur



Sigrún Ágústsdóttir
settur forstjóri